

SAMÞYKKTIR fyrir HEF veitur ehf.

1. Heiti félagsins, heimili og tilgangur

1.1.

Félagið er einkahlutafélag og nafn þess er HEF veitur ehf., kt. 470605-1110.

1.2.

Heimilisfang félagsins er að Einhleypingi 1, 700 Egilsstöðum.

1.3.

Tilgangur félagsins er vinnsla og framleiðsla raforku, varma og vatns, dreifing og sala afurða fyrirtækisins, ásamt hverri þeirri starfsemi annarri sem nýtt getur þekkingu og búnað fyrirtækisins. Félagið rekur hitaveitu, vatnsveitu og fráveitu á grundvelli laga og reglugerða sem gilda um starfsemi og rekstur þeirra veitna. Félagið leggur og rekur ljósleiðarakerfi, ásamt rekstri gagnaveitu og önnur verkefni í því sambandi. Jafnframt er tilgangur félagsins að eiga og reka félög í skyldum rekstri, lánastarfsemi og tengd starfsemi.

2. Hlutfé félagsins

2.1.

Hlutfé félagsins er kr. 582.393.208, fimmhundruð áttatíu og tvær milljónir þrjúhundruð níutíu og þrjúþúsund, tvöhundruð og átta krónur. Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1,- að nafnvirði. Stjórn félagsins er heimilt að hækka hlutfé félagsins um kr. 50.000.000, fimmtíumilljónkrónur, þannig að heildarhlutfé verði að fjárhæð kr. 632.393.208, sexhundruð þrjátíu og tvær milljónir þrjúhundruð níutíu og þrjúþúsund tvöhundruð og átta krónur. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutfjáreign sína.

2.2.

Hlutir skulu vera tölusettir í númeraröð og hljóða á nafn. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

2.3.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og öðlast eigendaskipti að hlutum ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega og með sannanlegum hætti.

2.4.

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hefur hluthafi forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutfjáreign sína. Verði ágreiningur um verð hluta skal það ákveðið með mati tveggja óvilhallra manna sem dómkvaddir skulu til þess starfa. Forkaupsréttarhafi hefur tveggja mánaða frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn frá tilkynningu til stjórnar um tilboð. Þá mega eigi líða fleiri en þrír mánuðir frá því að kaup voru ákveðin þar til kaupverð er greitt.

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

HH
JH
JHB
Sinn

2.5.

Félaginu er óheimilt að veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við skráða hlutafjäreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Sé hluthafi einn getur hann að lagaskilyrðum fullnægðum skráð hækkun eða lækkun hlutafjár í gerðabók.

2.6.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

2.7.

Engin sérréttindi fylgja hlutum úr félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

Óheimilt er að veðsetja eða gefa hluti í félaginu án samþykkis félagsstjórnar.

3. Stjórnskipulag og hluthafafundir

3.1.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

Rétt til setu á hluthafafundum, þ.m.t. aðalfundi, eiga allir sveitarstjórnarmenn Múlaþings og varamenn forfallaðra sveitarstjórnarmanna.

3.2.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu hluthafa sem ráða a.m.k. einum tíunda hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan sjö daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt lögum um einkahlutafélög.

3.3.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa í ábyrgðarbréfi eða símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Aðalfundur skal boða með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem ráða yfir 20% hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundur kys fundarstjóra og fundarritara.

HA
A
B
D
E
F
G
H
I
J
K
L
M
N
O
P
Q
R
S
T
U
V
W
X
Y
Z

3.4.

Eitt atkvæði fylgir hverjum hlut í félaginu. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum.

Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

- a. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsparfir fram yfir skuldbindingar sínar,
- b. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
- c. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Mál, sem ekki eru sérstaklega greind á dagskrá aðalfundar eða annarra hluthafafunda, er ekki unnt að taka til endanlegrar úrlausnar á fundinum nema með samþykki allra hluthafa í félaginu.

3.5.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Efnahagsreikningur og rekstrarreikningur félagsins fyrir liðið starfsár skulu lagðir fram ásamt athugasemdum endurskoðenda félagsins til samþykktar.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
5. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar og endurskoðanda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
6. Breytingar á samþykktum.
7. Önnur mál. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

3.6.

Fundargerðarbók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum. Sé hluthafi einn skráir hann ákvarðanir í gerðabók.

4. Stjórn félagsins og framkvæmdastjóri

4.1.

Stjórn félagsins skal skipuð þremur til fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnmargir varamenn skulu kosnir með sama hætti.

Stjórnarkjör skal fara fram með þeim hætti að lögð er fram til samþykktar eða synjunar tillaga sveitarstjórnar Múlaþings um kjör aðal og varamanna stjórnar. Tillaga sveitarstjórnar skal gerð í samræmi við reglur um hlutfallskosningar í sveitarstjórn.

Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið.

HA
A
B
Sinn

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Sé hluthafi einn þarf ekki að halda aðalfund heldur skal hluthafinn taka viðeigandi ákvarðanir skv. 59. gr. ehfl. og skrá þær í gerðabók skv. 55. gr. ehfl.

Sé hluthafi einn tekur hann afstöðu til mála, sem almennt er fjallað um á aukafundum, og skráir ákvarðanir í gerðabók.

4.2.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Einnig getur framkvæmdastjóri krafist stjórnarfundar.

4.3.

Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs.

Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

5. Reikningshald og endurskoðun

5.1.

Á aðalfundi skal kjósa löggiltan endurskoðanda og varamenn þeirra, eða endurskoðunarfélag til eins árs í senn. Þeir skulu fara yfir reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

5.2.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreikninga og lagt fyrir endurskoðendur eða skoðunarmenn eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þar og þá lagður fyrir endurskoðanda.

6. Breytingar á samþykktum

6.1.

Samþykktum þessum má breyta á lögmætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum.

6.2.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

HA
[Handwritten signatures and initials in blue ink]

7. Ýmis ákvæði

7.1.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga um einkahlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.


Þannig samþykkt á hluthafafundi félagsins, þann 6. febrúar 2012.

Þannig breytt á hluthafafundi félagsins, þann 28. mars 2019.


Þannig breytt sbr. ákvæði 2.1. um fjárhæð hlutafjár, á hluthafafundi félagsins, 11. mars 2021.


Þannig samþykkt á aðalfundi félagsins, þann 19. mars 2021.

Framkvæmdastjóri:


Aðalsteinn Þórhallsson

Stjórn félagsins:


Gunnar Jónsson
Stjórnarformaður

 *LESD.*
Ágústa Björnsdóttir
Meðstjórnandi


Jónína Brynjólfsdóttir
Meðstjórnandi


Skúli Björnsson
Meðstjórnandi


Helgi Hlynur Ásgrímsson
Meðstjórnandi